UPPSKRIFT

PEYSA MEÐ FALLEGU MUNSTRI

navia

Stærð: S (M) L
Yfirvídd: 91 (96) 101
Lengd: 56 (60) 65
Garn: Navia Trio hvítur N31, ljósgrár N32, ljósbrúnn N35, dökkbrúnn N36
Garn magn: 3 (3) 4 dokkur ljósgrár, 3 (3) 4 dokkur hvítur, 2 (2) 3 dokkur dökkbrúnn, 2 (2) 3 dokkur ljósbrúnn
Prjónar: Hringprjónar nr. 4 og nr. 5, sokkaprjónar nr. 4 og nr. 5
Prjónafesta: 15 lykkjur mynsturprjón á prjón nr. 5 = 10 cm í breidd
Athugið: Það er mjög mikilvægt að halda prjónafestunni. Sannreynið prjónafestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.
Bak og framstykki: Prjónið í hring. Fitjið upp 136 (144) 152 á hringprjón nr. 4 með hvítu Navia Trio og prjónið ca. 4 cm stroff (1 sl, 1 br). Skiptið yfir á hringprjón nr. 5 og prjónið munstur þar til bolur mælist ca. 38 (41) 45 cm eða lengd að ykkar vali. Síðan skiptist það í tvennt, 68 (72) 76 lykkjur í bakið og 68 (72) 76 lykkjur í framstykkið (engar lykkjur undir miðermi). Prjónið framstykkið og bakstykkið hvert fyrir sig.
Bak: Prjónið áfram þar til bakið mælir 56 (60) 65 cm og heil eða hálft mynstrið er prjónað. Geymið bakið og prjónið framstykkið.
Framstykki: Prjónið áfram þar til framstykkið mælist ca. 51 (55) 60 cm. Setijð 12 (12) 14 miðjulykkjurnar á hjálparprjón, og prjónið hverja hlið fyrir sig svoleiðis. Fellið áfram af við hálsmálið 3, 2, 1 (3, 2, 1) 3, 2, 1 í annarri hverri umferð. Prjónið þar til framstykkið er í sömu lengd og bakið. Prjónið hina hliðina alveg eins nema gagnstætt. Prjónið axlirnar saman (lykkja saman).
Ermar: Byrjið að prjóna að ofan og niður. Fyrsta umferð byrjar í miðjunni undir hendinni. Tvær miðlykkjurnar undir hendinni eru prjónaðar með hvítu Navia Trio alla leið niður og reiknast ekki í mynstrið. Úrtakan er gerð áður og eftir þessar tvær miðlykkjur. Takið upp meðfram ermaopinu með hvítu Navia Trio 52 (56) 60 með sokkaprjón nr. 5 og prjónið munstur. Fækkið þá um tvær lykkjur í 8. hverri umferð (8 (9) 10 sinnum) þar til það eru 36 (38) 40 lykkjur. Prjónið þar til ermarnar mælast 44 (46) 49 cm. eða lengd að ykkar vali og endið heilu munstri. Skiptið yfir í sokkaprjón nr. 4 og takið saman þartil þið eruð komin í 34 (34) 36 lykkjur. Prjónið með hvítu Navia Trio ca 4 cm stroff (1 sl, 1 bl) og fellið af.
Háls: Takið upp ca. 56 (60) 64 lykkjur við hálsmálið með hvítu Navia Trio á prjóni nr. 4. Prjónið ca 20 cm stroff (1 sl, 1 br) og fellið af í sléttu og brugnu.
Þvottur: Skolið úr peysunni í volgu vatni eða í Navia ullarþvotti. Eftir þvott, leggið peysuna á handklæði.
Höfundur: Eyðleyg í Garði